

Fundur 21.3.2022 Búrdlík.

Komið þið blessaðir og sælir.

*Já komdu blessaður eða blessuð, velkominn.*

Ævinlega er það gaman og gott að komast í samband til ykkar og segja má að það sé sigur lífsstefnunnar þegar það tekst, þar sem það hefur verið brýnt fyrir okkur að mikilvægt sé að framlífs jarðirnar tengist saman og það sem meira er að þeir framlífs hnettir þar sem þróunin er ekki of langt komin áfram til þess að unnt sé að samstillta hnettina og koma þeim á framfara braut.

Er ég mér þess vel meðvitaður að gríðarlega mikil aflbeiting á sér stað meðal helstefnu hnattanna að hindra framfarir ykkar hnattar og góð sambönd og er það því von okkar að minna sé verið að fylgjast með okkur hér í kvöld og að okkur verði það unnt að koma í gegn nokkrum mikilvægum sannindum og fróðleiks molum ef okkur er það unnt.

Og höfum við lengi stefnt að því að komast í sambandið og háttaði þannig sérlega heppilega til að þessu sinni að okkur skuli takast það og er það kannski vegna þess að björgunartilraun sú sem beinst hefur að þeim þjóðum á ykkar jörð sem skyldastar eru okkur hefur nú farið úrskeiðis að stórum hluta.

Og má því segja að athygli fjölmargra lífstefnu jarða beinist að ykkar framlífs jörð við þeim atburðum sem eru að gerast og á sama tíma og helstefnu öflin ná fótfestu hjá ykkur, er aukin áhersla á að senda lífgeisla og lífstefnu kraft til að vinna á móti þeim helstefnu áhrifum og afstýra hörmulegum atburðum ef unnt er.

Langar mig hér í kvöld að tala um himingeiminn og langar mig að tala um þau mörgu lífstefnu mannkyn sem tengjast okkur og ykkur og stefna að því að færa þjóðir okkar saman og bæta vísindi ykkar jarðar og bæta vandamál þau sem koma upp vegna trúarbragðanna og átaka vegna þeirra.

Erum við stödd ekki svo langt frá ykkur og vildum við gjarnan geta sagt ykkur hversu margir hnettir eru lífvænlegir í ykkar umhverfi og hvaða möguleikar eru til þess að komast þangað.

En strandar þar nokkuð á þekkingu ykkar en þó ekki svo mjög að við sjáum dagsljós mikilla framfara fram undan og er því mikilvægt að mannkyn ykkar geti verið sem lengst á ykkar jörð og náð að þroskast.

Ég sagði ykkur nýlega ýmislegt um það hvernig við reynum að meta fjarlægðir og stöðu okkar í geimnum og kom ég því þó ekki öllu að en heyrðist ræða mín á öðrum framlífs hnöttum og framlífs hnöttum og vil ég þakka liðsmönnum ykkar, Sveini Haraldssyni, Hauki, Ingvari og Þorsteini og öðrum sem stilla okkur til þessa sambands og auðvelda okkur að koma þessu í gegn.

Ég er hér staddur á betri jörð en ég var á lengi þegar ég talaði til ykkar og hjálpaði það mér mikið og veitti mér bjartsýni og lífsprótt að tala við ykkar fund og eru því sterkar taugarnar á milli og er ég þess full viss að ef þið komist út úr ákveðnum örðugleikum sem nú steðja að muni framfarir verða örar og vil ég gjarnan segja frá því í nokkrum orðum áður en ég kveð.

En finn ég einnig að reynt er að hindra sambandið en ekki er aðeins hægt að tala um líf í ykkar vetrarbraut og vetrarbrauta þyrpingu, heldur er ný flokkun og skilgreining á hnöttum sem hýsa líf og geta hýst líf, væntanleg hjá ykkur eins og víðar þar sem framfarir eru að verða.

Og einnig má segja að þið séuð á þröskuldi framfara í því að skilgreina fyrirbæri það sem nefnt hefur verið mikli hvellur og er hann með nokkrum öðrum hætti en í fyrstu var talið og sömuleiðis svarthol og hvíthol og tengslin þar á milli.

Og vil ég ekki fara of langt út í þessi mál þar sem það kostar mikla orku en gleður það mig mjög að komast í sambandið og finn ég góð áhrif frá ykkur og jákvæða hugsun og vísindalega þekkingu að nokkru.

Og ætla ég að reyna að segja nafn mitt og veit ég ekki hvort ég get haldið áfram að sinni, finn ég að meiri líkur eru á að ég komist fljótlega, nafn mitt er Búrdlík og kom ég nýlega til ykkar áður.

*Já vertu velkominn aftur, þakka þér fyrir.*

*Gaman að heyra í þér.*

Já þakka ég fyrir.

Ef það, kannski eina spurningu ef ég get reynt að svara.

*Mig langar að spurja um þann sem kallaður er Drottinn okkar eða Jahve, eru þeir algjörlega á móti því að við iðkum vísindi?*

*Vilja þeir fæla okkur frá öllum vísinda rannsóknum?*

Já það er hluti af þeim örðugleikum sem ég lenti í, í mínu frumlífi og framlífs jörð fyrstu, að þekkingin er hluti af valdinu sem talið er fari til spillis ef fólk fær að vita þessi sannindi.

En það má þó segja að ýmsar framfarir hafi orðið og hefur Jesús Kristur talað til okkar og fjallað um þær framfarir, hvernig þeir hafa komið til móts við fólk sem komið er á framfara brautina á lífsstefnu hnöttum.

Og merkilegar frásagnir af því og ríki þeirra mjög fjölskrúðugt með mörgum deildum og ráðuneytum sem hafa margskonar tilgang eftir því sem þeim tekst ekki að hafa fullkomna stjórn á mannkynjunum er reynt að beita öðrum aðferðum.

Ég finn nú að orka mín er að hverfa og verð ég að kveðja að sinni.

Þakka ég kærlega góðar viðtökur og finn ég mig einnig magnast af Helga Pjeturss og sendi honum kveðju í fjarska, verið þið sælir.

*Vertu blessaður og við þökkum þér fyrir.*